

10. mars 2006:

## Afgreiðsla umsókna um styrki til útbóta í umhverfismálum

Alls bárust Ferðamálastofu 158 umsóknir um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum á yfirstandandi ári en auglýst var eftir umsóknum um styrki í byrjun janúar síðastliðinn. Umsóknirnar voru afgreiddar af Ferðamálastofu og hlutu 57 verkefni styrk að þessu sinni. Til úthlutunar voru um 40 milljónir króna sem skiptist í þrjá flokka en sótt var um samtals 209.638.250 krónur.



### Minni verkefni

Í flokknum minni verkefni gátu styrkir að hámarki numið 500 þúsund krónum þar sem sérstök áhersla var lögð á uppbyggingu gönguleiða og eingöngu til efniskaupa. Alls bárust 105 umsóknir en 44 aðilar fengu styrk, samtals að upphæð 11.870.000. Af því leiðir að mörgum verðugum verkefnum varð að hafna að þessu sinni. Þetta er sama reynsla og fengist hefur á undangengnum árum þar sem fjárhæð umsókna hefur verið margföld sú upphæð sem verið hefur til ráðstöfunar.

### Stærri verkefni á fjölsóttum ferðamannastöðum

Í flokkinn stærri verkefni á fjölsóttum ferðamannastöðum bárust 18 umsóknir og hlutu 6 verkefni styrk, samtals að upphæð 11.475.000 krónur. Hér er um það að ræða að umsækjendur stýra framkvæmdum sjálfir og svæðin verða í umsjón eða eigu styrkþega eftir að framkvæmdum lýkur.

### Uppbygging á nýjum svæðum

Í þriðja flokkinn, uppbygging á nýjum svæðum, bárust 35 umsóknir. Úthlutað var 14.350.000 krónum sem skiptast á 7 verkefni.

### Náttúran í forgangi

Til viðmunar við úthlutun er stuðst við reglur um forgangsröðun styrkja sem fylgt hefur verið síðustu ár, mikilvægi verkefna er vegið eftir því hver áhrif framkvæmdarinnar eru á náttúru og umhverfi, í meginatriðum er flokkunin eftirfarandi:

1. Náttúruvernd
2. Upplýsingar, og öryggismál
3. Áningarstaðir
4. Annað

Verkefni sem stuðla að náttúruvernd eru því forgangsverkefni. Einnig er reynt að fylgja eftir þeim opinberu markmiðum að uppbygging ferðapjónustunnar stuðli að sjálfbærri þróun í samfélaginu.

Valur Þór Hilmarsson, umhverfisfulltrúi Ferðamálastofu, segir umsóknarferlið hafa gengið nokkuð vel fyrir sig í ár og greinilegt að undirbúningur verkefna batnar með hverju árinu, þó eru alltaf einhverjir sem kveikja á perunni

"korter fyrir" að umsóknarfrestur rennur út og henda inn ófullkomnum og lítt úthugsuðum hugmyndum. "Það er ljóst að mörg verðug verkefni verða að bíða að þessu sinni og vissulega er alltaf erfitt að geta ekki orðið við góðum umsóknum," segir Valur.

Hér að neðan er listi yfir þá sem fengu úthlutað styrkjum í ár:

#### Styrkir til minni verka

Sveitarfélag / svæði	Verkefni	Umsækjendur	Styrkir
Allt landið	Göngum um Ísland - upphafsmerkingar	Ungmennafélag Íslands	500.000
Neskaupstaður	Göngustígar í fólkvangi Neskaupstaðar	Náttúrustofa Austurlands	200.000
Fljótsdalshreppur	Merking gönguleiða í Fljótsdal	Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps	200.000
Berufjörður - Reyðarfjörður	Gönguleið milli fjarðanna	Göngufélag Suðurfjarða	150.000
Fjarðarbyggð / Hólmanes	Gönguleiðir um Hólmanes fólkvang	Náttúrustofa Austurlands	100.000
Fljótsdalshérað	Gönguleiðir í dreifbýli héraðsins	Svf. Fljótsdalshérað	200.000
Svf. Hornafjörður	Kortagerð við Vatnajökulsþjóðgarð -Mýrar	Ferðamálaafélag A- Skaffellssýslu	500.000
Svf. Hornafjörður / Fláajökull	Kortagerð við Fláajökul og víðar	Ferðapjónusta bænda Brunnhól og Hólmi	500.000
Svf. Hornafjörður / Haukafell	Upphafsmarkeringar á gönguleiðum um Mýrar	Skógræktarfélag A - Skaftafellssýslu	40.000
Svf. Hornafjörður / Illikambur	Fræðsluskilti og vegvísar á Lónsöræfum	Helga Davids, Stafafelli	200.000
Svf. Hornafjörður / Suðursveit	Gönguleiðir í Staðardal	Björn Sigfússon	200.000
Dalvíkurbyggð / Tröllaskagi	Göngukort á Tröllaskaga	Dalvíkurbyggð	200.000
Húnaþing vestra / Gauksmýri	Aðgengi fyrir alla - Gauksmýrartjörn	Ferðam.fél. Vestur - Húnavatnssýslu	250.000
Húnaþing vestra / Hvítserk	Endurnýjun vatnslagana að WC	Knútur A Óskarsson	150.000
A - Húnavatnssýsla / Skagi	Gönguleiðir -Hafnir / Selvíkurtangi. Náttúruvernd	Vignir Á Sveinsson	300.000
Norðausturland / Eyþing	Gönguleiðakort af norðausturlandi nr. 1	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	400.000
Norðausturland / Eyþing	Gönguleiðakort af norðausturlandi nr. 2	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	400.000
Norðausturland / Eyþing	Gönguleiðakort af norðausturlandi nr. 6	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	400.000
Siglufjörður	Gönguleiðir í nágrenni Siglufjarðar	Ferðafélag Siglufjarðar FS. og Gangnam.f.	100.000
Skagafjörður / Austurdalur	Gönguleiðir um Austurdal	Austurdals	250.000
Tröllaskagi / Héðinsfjörður	Gönguleiðir Ólafsfjörður / Héðinsfjörður	Björgunarsveitin Tindur	100.000
Öxarfjörður / Rauðinúpur	Gönguleið á Rauðanúp	Öxarfjarðarhreppur	100.000
Fjallabak / Strútsfjall	Göngubrú við skála við Strút	Ferðafélagið Útivist	250.000
Rangárþing eystra / Stóra Mörk	Gönguleiðir í Nauthúsagil	Ragna Aðalbjörnsdóttir	200.000
Rangárþing eystra/ Dómadalsheiði	Lagfæring á vörðum	Rangárþing eystra	100.000

Rangárþing og Mýrdalur	Göngustígar	Rangárþing eystra + Mýrdalur	200.000
Rangárþing ytra / Hella (nágreni)	Göngustígar út frá Helli frh.	Rangárþing eystra	200.000
Skaftárhreppur	Gönguleiðabæklingar fyrir Skaftárhrepp	Skaftárhreppur	500.000
Skaftárhreppur	Göngustígar við Laufbalavatnshella	Skaftárhreppur	250.000
Skaftárhreppur	Gönguleið, brú við Fjaðrárgljúfur	Skaftárhreppur	500.000
Vestmannaeyjar	Merking söguslóða	Upplýsingam.st. Vestmannaeyja	500.000
Þórsörk / Réttarfell	Endurbætur á göngustígum á Réttarfell	Ferðafélagið Útivist	300.000
Ísafjarðarbær / Bolungarv. Ströndum	Salerni við gönguleið og áningarstað	Mávaberg ehf. Reimar Vilmundarson	250.000
Ísafjarðarbær / Grunnavík	Hreinlætisaðstaða á Snæfjallaströnd	Ferðaþjónustan Grunnavík ehf.	250.000
Ísafjarðarbær / Hesteyri	Lendingabætur við Hesteyri	Sjóf. Hafsteins og Kiddýjar ehf.	520.000
Ísafjarðarbær / Hornbjargsviti	Ný og fleiri salerni	Ævar Sigdórsson, Óvissuferðir	350.000
Strandasýsla / Grímsey	Gönguleiðir og merkingar í Grímsey	Héraðsnefnd Strandasýslu	200.000
Strandasýsla / Húsavík	Fuglaskoðunarhús og göngleiðir - Tungugrafarvogum	Matthías Sævar Lýðsson	250.000
Vestfirðir	Gerð gönguleiðakorta á Vestfjörðum	Ferðamálasamtök Vestfjarða	500.000
Vesturbyggð / Geirþjófsfjörður	Stígagerð um slóðir Gísla Súrssonar	Þórir Örn Guðmundsson	100.000
Önundarfjörður	Fuglaskilti í Önundarfirði	Náttúrustofa Vestfjarða / Ísafjarðarbær	260.000
Snæfellsnes / Kambsskarð	Merking gönguleiða y. Kambsskarð	Framkvæmdaráð Snæfellsness	250.000
Dali og Reykhólahreppur	Gönguleiðir í Reykólahr. og Dalab.	Ferðamálafélag Dala og Reykhóla	250.000
Húsafell	Merking gönguleiða í kringum Húsafell	Ferðaþjónustan Húsafelli	250.000

### Styrkir til fjölsótttra svæða

Sveitarfélag / svæði	Verkefni	Umsækjendur	Styrkir
Svf. Hornafjörður / Örnefi	Göngustígar við Svínafellsjökul	Jón Benediktsson	700.000
Mývatnssveit / Dimmuborgir	Aðgengi að Dimmuborgum - lokafrágangur	Skútustaðahreppur	3.000.000
Dyrhólaey	hreinlætisaðstaða á Háey - lokafrágangur	Þorsteinn Gunnarsson	2.000.000
Ísafjarðarbær / Hornstrandir	WC, gönguleiðir og öryggismál í friðlandinu	Ísafjarðarbær	2.200.000
Snæfellsnes / Rif	Fuglaskoðunaraðstaða við Rif	Snæfellsbær	875.000
Borgarfjörður / Hraunfossar	Viðhald svæðis - tilfærsla rotþróar o.fl.	Borgarfjarðarsveit	2.700.000

## Styrkir til nýrra svæða

Sveitarfélag / svæði	Verkefni	Umsækjendur	Styrkir
Djúpivogur	Fuglaskoðun í Djúpavogshreppi	Ferðamálanefnd Djúpavogs	1.000.000
Svf. Hornafjörður / Eskifell	Vatnsalerni í stað kamra við Eskifell	Gunnlaugur B Ólafsson	850.000
Eyjafjörður / Gásir	Uppbygging á miðaldakaupstað 1. áfangi	Minjasafnið á Akureyri	3.000.000
Húnaþing vestra / Vatnsnes	Uppbygging náttúruskoðunarstaða á Vatnsnesi	Ferðam.fél. Vestur - Húnavatnssýslu	2.500.000
Hvammstangi	Aðgengi fyrir alla við Selasetur og víðar	Ferðam.fél. Vestur - Húnavatnssýslu	4.000.000
N-Þingeyjarsýsla	Strandmenning - Skjálfandi - Langaness	Atvinnuþróunarfél. Þingeyinga	1.000.000
Suðureyri	Áningarsvæði - upplýsingaveita	Sjávarporpið Suðureyri ehf.	2.000.000